

Útdráttur

Í ritgerð þessari verður skýrt frá niðurstöðum rannsóknar þar sem kannaðar voru væntingar æðstu stjórnenda fyrirtækja til mannauðsstjóra. Markmið þessarar rannsóknar var að kanna hvaða væntingar æðstu stjórnendur hafa til mannauðsstjóra. Ritgerðin byggir á eigindlegri rannsókn en í henni var tekið viðtal við þrjá forstjóra stórra fyrirtækja á Íslandi og umsjónarmenn mannauðsstjórnunarnáms við Háskóla Íslands og Háskólann í Reykjavík.

Rannsóknarspurningarnar sem lágu til grundvallar voru þrjár:

- 1) Hvaða væntingar gera æðstu stjórnendur til mannauðsstjóra?
- 2) Hvaða væntingar gera umsjónarmenn mannauðsstjórnunar náms til mannauðsstjóra?
- 3) Samræmist kennsla í háskólanámi í mannauðsstjórnun þeim væntingum sem æðstu stjórnendur gera til mannauðsstjóra?

Helstu niðurstöður rannsóknarinnar sýndu að æðstu stjórnendur gera ekki miklar væntingar til mannauðsstjóra. Þeir forstjórar, sem höfðu mannauðsstjóra, töldu til dæmis menntun í mannauðsstjórnun ekki nauðsynlega þeim sem starfa sem mannauðsstjórar. Viðhorf þeirra til mannauðsstjóra var yfirleitt jákvætt og sátu þeir meðal annars í framkvæmdastjórn fyrirtækjanna. Þá var áhugavert að sjá að gamlar hugmyndir um hlutverk mannauðsstjóra sem einhvers konar skemmtanastjóra virðast enn lifandi.

Einnig kom á óvart að umsjónarmenn mannauðsstjórnunarnáms telja ekkert sérhannað nám í boði fyrir þá sem ætla að starfa sem mannauðsstjórar. Að þeirra mati vantar nám í fjármálahugsun í öðrum skólanum en í hinum er farið of grunnt í fræðilegt nám í mannauðsstjórnun.

Niðurstöðurnar gefa skýrar vísbendingar um að æðstu stjórnendur viti ekki hvers þeir geti vænst af mannauðsstjórum þar sem þeir þekki ekki nægilega vel hvað felst í

mannauðsstjórnun. Hér er því tækifæri fyrir menntakerfið og alla með sérþekkingu á þessu sviði að miðla þeirri þekkingu út í atvinnulífið. Það má gera með ýmsum hætti, til dæmis með skrifum í dagblöð og viðskiptablöð og markvissri kynningu á starfinu innan ýmissa samtaka atvinnulífsins.